



RAFMENTT ehf.  
Stórhöfða 27  
110 Reykjavík

Dagsetning **18. september 2024**  
Málsnúmer MRN24040079

## **Viðurkenning Rafmenntar ehf. sem einkaskóli á framhaldsskólastigi, tímabilið 10.07.2024 – 10.07.2027**

Vísað er til umsóknar Rafmenntar ehf., kt. 520104-2050, dags. 23. júní 2023, þar sem sótt er um endurnýjun viðurkenningar sem einkaskóli á framhaldsskólastigi og fyrri afgreiðslu mennta- og barnamálaráðuneytisins á umsókninni, dags. 10. júlí 2024.

Samkvæmt III. kafla laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008, getur mennta- og barnamálaráðherra veitt skólum, öðrum en opinberum framhaldsskólum, viðurkenningu til kennslu á framhaldsskólastigi.

Mennta- og barnamálaráðuneytið hefur metið skólanámskrá og önnur framlögð gögn um starfsemi Rafmenntar ehf. út frá þeim skilyrðum og viðmiðum sem fram koma í lögum um framhaldsskóla, nr. 92/2008, reglugerð um viðurkenningu einkaskóla á framhaldsskólastigi, nr. 426/2010, og almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla. Jafnframt var litið til úttektar á Rafmennt ehf. sem unnin var fyrir mennta- og barnamálaráðuneytið vorið 2024. Að teknu tilliti til framangreinds mats telur ráðuneytið Rafmennt ehf. uppfylla skilyrði til að hljóta viðurkenningu til að annast kennslu á framhaldsskólastigi.

Á grundvelli þess sem að framan greinir er Rafmennt ehf. veitt viðurkenning til kennslu á framhaldsskólastigi til þriggja ára. **Gildistími viðurkenningar er tímabilið 10.07.2024 – 10.07.2027.**

Viðurkenningin grundvallast á skólanámskrá Rafmenntar ehf. og tekur til kennslu námsbrauta með námslok: 8 – Próf til starfsréttinda (þriðja þrep), 9 – Önnur lokapróf (þriðja þrep) og 11 – Viðbótarnám við framhaldsskóla (fjórða þrep).

Með þessari viðurkenningu er staðfest að Rafmennt ehf. uppfylli viðmið til þess að kenna eftir staðfestum námsbrautalýsingum:

Rafvirkjun - Samningsleið (19-275-3-8)

Rafveituvirkjun (19-273-3-8)

Rafeindavirkjun (19-272-3-8)

Hljóðtækni (20-306-3-9)

Kvikmyndataækni (20-453-3-9)

Meistaraskóli rafiðngreina (20-414-4-11)

Viðurkenningin byggir á því að kennsla fari fram í húsnæði skólans að Stórhöfða 27, 110 Reykjavík, eins og því er lýst í umsókn, sem hefur verið tekið út og samþykkt af heilbrigðiseftirliti og yfirvöldum brunamála. Jafnframt byggir hún á því að starfsemi skólans fari fram samkvæmt þeim forsendum og skilyrðum sem rakin eru í umsókn.

Berist mennta- og barnamálaráðuneytinu vottanir heilbrigðis- og brunamálayfirvalda fyrir húsnæði Stúdíós Sýrlands að Vatnagörðum 4, 104 Reykjavík, mun viðurkenning þessi jafnframt ná til þess húsnæðis frá og með útgáfudagsetningu vottorða.

Viðurkenningarbréf þetta skal birta á vef skólans ásamt skólanámskrá, námsbrautalýsingum og verðskrá og gjaldtökureglum, ef um slíkt er að ræða. Mennta- og barnamálaráðuneytið áskilur sér rétt til að birta viðurkenningarbréf þetta.

Þess skal getið að í viðurkenningu felst staðfesting á því að starfsemi skóla uppfylli, á þeim tíma sem viðurkenningin er veitt, almenn skilyrði laga um framhaldsskóla og reglna sem settar eru með stoð í þeim. Viðurkenning felur hvorki í sér vilyrði um framlög né fjárskuldbindingu af hálfu ríkissjóðs. Skólinn ber sjálfur alla ábyrgð á eigin skuldbindingum og starfsemi. Viðurkenning veitir nemendum skólans ekki sjálfkrafa rétt til fyrirgreiðslu úr Menntasjóði námsmanna.

Byggi skólinn rekstur sinn á skólagjöldum gerir mennta- og barnamálaráðuneytið þá kröfu að nemendur séu með staðfestum hætti upplýstir um gjöldin og skilmála sem gilda um innheimtu þeirra og rétt til endurgreiðslu.

Uppfylli skólinn ekki lengur skilyrði laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008, eða fyrirmæli sett samkvæmt þeim, getur ráðherra afturkallað viðurkenninguna.

Skólinn skal hafa frumkvæði að því að upplýsa mennta- og barnamálaráðuneytið án tafar um breytingar sem kunna að verða á starfsemi eða aðstöðu hans sem viðurkenning þessi byggir á. Þá ber skólanum að senda mennta- og barnamálaráðuneytinu árlega skýrslu um starfsemina og veita því allar umbeðnar upplýsingar um rekstur og starfsemi þegar þess er óskað, sbr. 6. gr. reglugerðar um viðurkenningu einkaskóla á framhaldsskólastigi, nr. 426/2010.

Umsókn um endurnýjun viðurkenningar þessarar þarf að berast mennta- og barnamálaráðuneytinu ásamt fullnægjandi gögnum a.m.k. þremur mánuðum áður en gildistíma hennar lýkur.

F.h. ráðherra  
Erna Kristín Blöndal

F.h. ráðherra  
Anna Tryggvadóttir